



### Fundargerð

Miðvikudaginn 14. ágúst 2024 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 17:00 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar að Túnbraut 1-3.

Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Ásdís Ýr Arnardóttir, Erla Jónsdóttir, Grímur Rúnar Lárusson og Péturína Laufey Jakobsdóttir með fjarfundarbúnaði.

Auk þess sat fundinn Ólafur Þór Ólafsson, framkvæmdastjóri byggðasamlagsins.

Formaður stjórnar, Ásdís Ýr Arnardóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

##### 1. Dreifnám

Lagt fram til minnisblað um húsnæði fyrir kennsluáðstöðu nemenda í dreifnámi næsta skólaár.

Þar kemur m.a. fram aðstaða fyrir dreifnámið hefur verið á hrakhólum undanfarið og ekki um auðugan kost að ræða í húsnæðimálum. Með milligöngu Ámundakinnar hefur húsnæðið að Húnabraut 2 Blönduósi nú fengist leigt fyrir dreifnámið. Samningur er ótímabundinn og með 3ja mánaðar uppsagnarfresti.

Samþykkt var samhljóða með fjórum atkvæðum að vísa hærri kostnaði vegna leigu til viðauka við fjárhagsáætlun 2024.

##### 2. Fræðslustjóri

Í framhaldi af uppsögn fræðslustjóra Þórdísar Hauksdóttur, 26. júní .sl. samþykkti stjórn byggðasamlagsins óformlega að staðan yrði auglýst hið fyrsta.

Umsóknarfrestur rann út 1. ágúst og bárust þrjár umsóknir.

Þar sem enn er verið að vinna úr gögnum/viðtölum við umsækjendur er ákvörðun um ráðningu frestað.



### 3. Til kynningar:

#### a. Fundargerðir fagráðs um málefni fatlaðs fólks

Lögð fram til kynningar fundargerð fagráðs um málefni fatlaðs fólks frá 23. fundi 24. júní 2024.

#### b. Breyting á rannsóknarforræði kynferðisbrota og manndrápa

Lagt fram til kynningar erindi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra frá 28. júní 2024 um breytingu á reglugerð þess efnis að embættinu verði falið rannsóknarforræði kynferðisbrota og manndrápa af ásetningi í umdæmi hans, en það hafði verið á forræði lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

### 4. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:55

Ásdís Ýr Arnardóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Grímur Rúnar Lárusson

Erla Jónsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir